

## 10. STJÓRNARFUNDUR UNGMENNAFÉLAGS ÍSLANDS

Haldinn 30. júlí 2022 í Selinu, Selfossi.

**Mætt eru:** Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Guðmundur G. Sigurbergsson (GGS), Ragnheiður Högnadóttir (RH), Gunnar Gunnarsson (GG), Sigurður Óskar Jónsson (SÓJ), Gunnar Þór Gestsson (GP), Málfríður Sigurhansdóttir (MS), Gissur Jónsson (GJ), Hallbera Eiríksdóttir (HE), Guðmunda Ólafsdóttir (GÓ), Auður Inga Þorsteinsdóttir (AIP) framkvæmdastjóri UMFÍ og Einar Þorvaldur Eyjólfsson (EPE) fjármálastjóri UMFÍ.

**Forföll:** Lárus B. Lárusson (LBL)

*Formaður setti fund kl. 10:07*

*JSI bar kveðju frá Helgu Guðrúnu Guðjónsdóttur og Þóri Jónssyni, fyrrverandi formönnum UMFÍ, sem gátu ekki komið á setningu Unglingalandsmóts.*

### 1. Upplýsingagjöf frá framkvæmdastjóra og fjármálastjóra

- EPE gerði grein fyrir starfseminni frá síðasta stjórnarfundi.

### 2. Fjármál

- Uppgjör fyrstu 6 mánaða ársins 2022 lagt fram til kynningar.
- Stjórn upplýst um stöðu mála varðandi ávöxtun á andvirði sölunnar á Sigtúni 42.
  - Á 12. fundi framkvæmdastjórnar var lögð fram samantekt með tillögum sem borist hafa varðandi ávöxtun. Í ljósi þróunar á fjármagnsmörkuðum og í efnahagsmálum telur framkvæmdastjórn skynsamlegast að lágmarka áhættu með að geyma fjármunina á óverðtryggðum bankareikningi. EPE falið að leita leiða til að fá sem hagstæðust kjör, þótt það kunnist að fela í sér einhverja bindingu fjármuna fram yfir Sambandsþing 2023. Stjórn tekur undir bókun framkvæmdastjórnar.

### 3. Fundargerðir nefnda lagðar fram til kynningar

- 11. - 13. fundargerð Framkvæmdastjórnar.
- 5. fundargerð Ungmennaráðs.
- 7. fundargerð Sjóða- og fræðslunefndar.

4. **Umræða um stöðu nefndarstarfs**
  - Sjá lista neðst í fundargerðinni.
5. **Umræða um stöðu verkefna**
  - Sjá lista neðst í fundargerðinni.
6. **Reykir**
  - EÐE kynnti þá vinnu sem farið hefur fram frá síðasta fundi, sem og næstu skref. Einnig voru kynnt drög að samningi um starfsemina. Stjórn samþykkir að halda málinu áfram.
7. **ISCA, undirritun Healthy Lifestyle for all (HL4A)**
  - JSI greindi frá ferð sem hann fór í til Brussel í lok júní. Stjórn veitir JSI heimild til að skrifa undir áskorun sem kom út úr fundinum fyrir hönd UMFÍ.
8. **Landsmót DGI, Svendborg – minnisblað**
  - AIP, JSI, RH og Ómar Bragi Stefánsson fóru á Landsmót DGI í Svendborg í Danmörku 30. júní til 3. júlí. Minnisblað lagt fram.
9. **Starfsáætlun stjórnar, tillaga um breytingu á fundartíma og fundarstað**
  - Lagt til að stjórnarfundur í september verði á Laugarvatni í stað Reykjavíkur. Jafnframt yrðu þar vinnufundir ákveðinna nefnda fyrir sambandsráðsfund haustsins. Þjónustumiðstöð falið að leggja til nánari tímasetningu.
10. **Önnur mál**
  - Erindi frá UMFÞ vegna Landsmót UMFÍ 50+ 2024 - móttekið.
  - Stefnt er að því að auglýsa eftir mótshöldurum fyrir komandi viðburði eftir Sambandsráðsfund í haust.

*Fundi slitið kl. 11:59*

## YFIRLIT VERKEFNA

VERKEFNI	STAÐA	ÁÆTLUÐ VERKLOK	ÁBYRGÐ
Markaðsátak	Í vinnslu	September 2022	GG
Tölvukerfi	Í vinnslu	Lok árs 2022	GPG

## YFIRLIT AÐGERÐARÁÆTLUNAR

VERKEFNI	STAÐA	ÁÆTLUÐ VERKLOK	ÁBYRGÐ
Eftirfylgni markaðskönnunar	Í vinnslu	September 2022	Útgáfu- og kynningarnefnd
Úthlutun Fræðslu- og verkefnasjóður	Lokið	Júní 2022	Sjóða- og fræðslunefnd
Umfjöllunarefni í 2. tbl. Skinfaxa	Í vinnslu	Ágúst 2022	Útgáfu- og kynningarnefnd
Greining á reglum	Ekki hafið	Ágúst 2022	Móta- og viðburðarnefnd
Fjárhagsáætlun 2023	Ekki hafið	September 2022	Fjárhags- og fasteignanefnd
Umfjöllunarefni í 3. tbl. Skinfaxa	Í vinnslu	September 2022	Útgáfu- og kynningarnefnd
Mat á mótahaldi	Ekki hafið	September 2022	Móta- og viðburðanefnd
Endurmat á aðstöðumálum	Ekki hafið	Október 2022	Ungmennabúðanefnd
Úthlutun Fræðslu- og verkefnasjóður	Ekki hafið	Desember 2022	Sjóða- og fræðslunefnd